



## **Styrkir til háskólanema á vegum sjávarútvegsklasa Vestfjarða**

**Ætlað hverjum:** Háskólanemum í grunn- eða framhaldsnámi við íslenska háskóla.

**Fyrir hvað:** Lokaverkefni sem hafa það að markmiði að skapa aukin verðmæti úr sjávarauðlindum eða efla atvinnulíf á Vestfjörðum.

**Hvernig verkefni:** Hægt er að vinna verkefni út frá tveimur útgangspunktum. Annað hvort koma sjálf með hugmynd eða vinna að fyrirfram mótuðum hugmyndum frá fyrirtækjum í sjávarútvegsklasa Vestfjarða. Fjöldmörg fyrirtæki skipa sjávarútvegsklasa Vestfjarða og auk styrksins er hægt að leita til þeirra um þátttöku, hvort sem hún er fólgin í upplýsingagjöf, hráefnisöflun eða aðstöðu.

Hafsjór af hugmyndum mun velja 5-8 lokaverkefni sem hljóta styrk á bilinu 250.000-750.000 kr eftir umfangi.

Skilafrestur er 15. nóvember 2023.

### **Markmiðið með lokaverkefninum er að:**

- Hvetja til nýsköpunar.
- Skapa tengsl háskólanema og fyrirtækja í gegnum samstarf.
- Skapa ný og eftirsóknarverð störf í sjávarútvegi eða tengdum greinum á Vestfjörðum.
- Afla þekkingar byggðrar á vísindalegum grunni um sjávarbyggðir Vestfjarða.

Lokaverkefnin geta snúið að verkefnum í náttúru-, og tæknigreinum sem og í viðskipta – og félagsvísindum í tengslum við sjávarútveg. Verkefnin geta því verið unnin á breiðum fræðilegum grunni og innan ólíkra sviða. Styrkirnir eru hugsaðir til að greiða fyrir rannsóknarkostnað, hvort sem það er vegna sýnatöku, mælinga, viðtala eða annars sem viðkemur rannsókninni með beinum hætti.

## Umsóknir

Umsóknir fara fram á verkefnasíðunni Hafsjór af hugmyndum

Það sem þarf að koma fram í umsókninni er eftirfarandi:

1. Nafn umsækjanda, kennitala og netfang
2. Lýsing á verkefninu
3. Námsstofnun
4. Samstarfsaðilar í verkefninu
5. Markmið með verkefninu
6. Lýsing á bakgrunni þátttakenda og samstarfsaðila þeirra ef við á
7. Hverskonar samstarfsaðila er óskað eftir
8. Upphæð sem sótt er um
9. Lýsing á því hvernig verkefnið mun efla sjávarútveg á Vestfjörðum eða bæta vestfirskt samfélag
10. Framkvæmdaáætlun
11. Tímaáætlun
12. Fjárhagsáætlun

## Matshópur

Matshópur á vegum Hafsjós af hugmyndum mun velja úr innsendum umsóknum.



Vestfjarðastofa